

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 5. febrúar 2019

Tilvísun: 2018111560PS/--

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 23. janúar 2019 um viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna (212. mál á 149. löggjafarþingi 2018–2019, þskj. 224). Hafði áður verið veitt umsögn, dags. 20. nóvember 2018, þar sem stofnunin benti á að samkvæmt greinargerð með frumvarpinu væri lagt til að Þjóðskrá Íslands fengi aðgang að upplýsingum úr skattframtölum og þeim leigusamningum sem ríkisskattstjóri hefur í vörslu sinni vegna ákvörðunar um matsverð fasteigna. Í 1. gr. frumvarpsins, þar sem lögð er til breyting á 3. másl. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 6/2001, kæmi hins vegar fram víðtækari tillaga en nefnd væri í greinargerð, nánar tiltekið um að heimila Þjóðskrá Íslands aðgang að ekki aðeins leigusamningum heldur öllum öðrum fylgigögnum með skattframtölum. Bent var á að ekki lægi fyrir ástæða þessa munar á ummælum í greinargerð og umræddu frumvarpsákvæði og tekið fram að Persónuvernd teldi ekki ástæðu til annars en að texti ákvæðisins yrði færður til samræmis við greinargerðarummælin.

Í framangreindri beiðni um viðbótarumsögn kemur fram að mótuð hafi verið tillaga að breyttu orðalagi fyrrnefnds málsliðar, svohljóðandi:

„Þjóðskrá Íslands er heimill aðgangur að skattframtölum og leigusamningum til að sannreyna upplýsingar um fasteignir eða afla þeirra varðandi þá þætti sem lúta að ákvörðun matsverðs fasteigna.“

Persónuvernd telur ekki tilefni til athugasemda við framangreint orðalag, en jafnframt áréttar stofnunin að öðru leyti fyrir umsögn, dags. 20. nóvember 2018.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson



Gunnar Ingi Agustsson